



Alþýðusamband Íslands

Nefndarálit og tillögur laganefndar á 41. þingi ASÍ 2014

Laganefnd kom saman kl. 16:30 þann 22.10 2014 og aftur þann 23.10 kl. 09:00. Til umræðu voru tillögur miðstjórnar um breytingar á lögum ASÍ. Nefndinni stýrði Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands. Ritari hennar var Níels S. Olgeirsson, MATVÍS en starfsmaður hennar var Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ.


Nefndin var sammála um að leggja það til við þingið, að allar tillögurnar verði samþykktar en þó með orðalagsbreytingu hvað varðar 4.mgr. 49.gr. til aukins skýrleika hvað varðar öll slys af völdum vélknúinna ökutækja en ekki bara bifreiða. (Sjá tillögu nefndarinnar.)

Varðandi tillögu um fjölgun varaforseta var rifjað upp hvers vegna varaforsetum hefði á sínum tíma verið fækkað og einnig afdrif fyrri tillagna um fjölgun þeirra að nýju. Almennt hafi mikill stuðningur verið við fjölgun varaforseta en þær tillögur ekki náð fram m.a. þar sem þær voru hluti stærri lagabreytinga sem samstaða tókst ekki um. Svo sé ekki nú. Nefndin telur að breytingarnar muni styrkja ásýnd og forystu ASÍ og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að mæla með því að þær verði samþykktar. Þar sem breytingar á 4 og 8.mgr. 33.gr. og breyting á 1.mgr. 36.gr. hangi saman sem ein heild telur nefndin að rétt að þær verði teknar til afgreiðslu í einu lagi.

Nefndin samþykkti einróma að mæla með því að aðrar þær breytingar sem lagðar eru til verði samþykktar og vísar um rökstuðning til fyrirbyggjandi greinargerða. Hvað breytingar á 4.mgr. 47.gr. varðar tekur nefndin fram, að núgildandi viðmiðunarreglur séu orðnar 11 ára gamlar og þarfnist þess að vel sé farið yfir þær í ljósi nýrra reglna og laga um bókhald og endurskoðun. Vel færi á því að álit nefndarinnar, að miðstjórn myndi skipa sérstakan starfshóp til þess að fara yfir reglunar og sem skila myndi niðurstöðum sínum til Skipulags- og starfsháttanefndar sem einnig tæki við athugasemdum aðildarsamtakanna sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Nefndin leggur einnig til, að ef samþykkt verður að fjölga varaforsetum ASÍ, sé nauðsynlegt að breyta ákvæði gr. 3.1. í þingsköpum ASÍ þ.a. báðir varaforsetar skipi dagskrárnefnd þingsins með forseta. (Sjá tillögu nefndarinnar.) Nái lagabreytingin hins vegar ekki fram dregur nefndin tillögu sína til baka.

Reykjavík 23.10 2014, f.h. laganefndar,


Signý Jóhannesdóttir

Tillögur til breytinga á lögum ASÍ – 2 umræða

1. Fjölgun varaforseta ASÍ

a. 4.mgr. 33.gr. breytist og hljóði svo:

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á sambandsþingi skulu forseti, **fyrsti og annar varaforseti** varaforseti kosin sérstaklega og **tólf þrettán** meðstjórnendur. Þessi mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

b. 8. mgr. 33.gr. breytist og hljóði svo:

Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna **en ella gegnir fyrsti varaforseti störfum forseta í forföllum hans og annar varaforseti í forföllum fyrsta varaforseta.**

c. 1. mgr. 36.gr. breytist og hljóði svo:

Á formannafundum eiga sæti formenn allra aðildarfélaga ASÍ, formenn aðildardeilda einstakra sambanda, forseti og **varaforsetar** varaforseti ASÍ, þeir miðstjórnarmenn (aðal- og varamenn) sem ekki eru formenn aðildarfélaga eða aðildardeilda auk formanns ASÍ – UNG sbr. 29. gr.

2. Fjöldi varamanna í miðstjórn ASÍ – 5.mgr. 33.gr. breytist og hljóði svo:

„Auk þess skal kjósa ~~elleftu~~ **fimmtán** varamenn.“

3. Atkvæðisréttur á formannafundum - 1.mgr. 39.gr. breytist og hljóði svo:

„Formenn aðildarfélaga og deilda sambandanna fara með atkvæðisrétt á formannafundum í samræmi við ~~úthlutaðan fjölda fulltrúa hvers um sig á reiknað vægi á næstliðnu sambandsþingi. Í fjarveru þeirra fara varaformenn aðildarfélaga og deilda sambandanna með atkvæðisrétt á formannafundum. Miðstjórnarmenn (aðal- og varamenn), sem ekki eru jafnframt formenn aðildarfélaga eða deilda sambanda fara með eitt atkvæði hver sem og formaður ASÍ-UNG.~~

4. Viðmiðunarreglur um ársreikninga - 4.mgr. 47.gr. breytist og hljóði svo

„Við gerð ársreikninga skal ~~hlíðsjón-höfð af farið eftir viðmiðunarreglum~~ **reglugerð** sem miðstjórn samþykkir.“

Ákvæði til bráðabirgða:

„Reglugerð miðstjórnar sem samþykkt er með vísan til þessa ákvæðis skal í fyrsta sinn kynnt á formannafund ASÍ 2015 og skal aðildarfélögunum veittur 2ja mánaða frestur til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum áður en hún verður endanlega afgreidd af miðstjórn.“

5. Slysadagpeningar og bótaskyld slys - við a. lið 4.mgr. 49.gr. bætist:

„Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna ~~skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. bifreiðaslysa, þar sem bætur greiðast skv. skaðabótalögum.~~

Tillaga laganefndar um breytingu á þingsköpum ASÍ

Gr. 3.1. í þingsköpum ASÍ breytist og hljóði svo:

*Á sambandsþingum starfar dagskrárnefnd sem skipuð er forseta og **varaforsetum** varaforseta sambandsins auk þingforseta og varaþingforsetum.*